# Deiliskipulag, Árvellir







Staðsetning

Ásk 55.02.00 Stj.t.

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem tók gildi við auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda þann 23.02 2000

## Skilmálar fyrir byggingar

Gert er ráð fyrir að auk núverandi húsa megi reisa innan tilgreinds byggingarreits:
Vistheimili allt að 300 m2
Áhaldageymsla og verkstæði allt að 250 m2
Starfsmannabústaður allt að 180 m2 með bílgeymslu
Gróðurhús, tengiganga og skjólveggi

Byggingar skal staðsetja þannig innan reitsins að þær myndi þyrpingu sem opnast inn að inngarði með gróðri, aðkomu og bílastæðum

## Ný aðkoma

Lagður verður nýr aðkomuvegur að Árvöllum og núverandi tenging lögð af. Veginn skal leggja samsíða hringvegi í framhaldi af Esjuvegur, utan helgunarlínu hringvegarins, þaðan upp með landamerkjaskurði Árvalla og Esjubergs. Kvöð skal vera á heimreiðinni um að heimilt sé að tengja inn á land Esjubergs, þegar og ef borgaryfirvöld óska eftir því. Eins skal vera kvöð á göngustíg með suðurlandamerkjum Árvalla fyrir gangandi umferð til fjalls eins og sýnt er á uppdrætti.

## Bílastæði

Bílastæði skal staðsetja innan byggingarreits og skla miða við eitt stæði á hverja 35 m2 gólfflatar vistheimilis; 50 m2 verkstæða auk tveggja stæða fyrir íbúðarhús. að auki skal koma fyrir a.m.k. 6 bílastæðum fjær húsum fyrir göngufólk á leið til fjalls.

## Gróður

Meðfram landamerkjaskurði Árvalla og Kirkjulands skal, Á landi Árvalla, gróðursetja afgirt skjólbelti a.m.k. 7 metra breitt milli þverskurða ofan og neðan húsa, alls um 120 metra á lengd, eins og sýnt er á deiliskipulagsuppdrætti. Einnig er heimilt að gróðursetja með landamerkjum og á landinu þar sem þurfa þykir skjólbelti og annan trjágróður.

## Skýringar

- Svæði sem skipulag nær til
- Byggingarreitur
- Mörk helgunarsvæðis hringvegar
- P — Bílastæði
- Möguleiki á gróðursettu skjólbelti
- Kvöð um gróðursett skjólbelti

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaganr. 73/1997 va samþykkt af borgarráði Reykjavíkur þann 20. júní 2000

[signature]

Hannað: Þórarinn Þórarinsson og Ómar Ívarsson
Dags. 16. júní 2000


BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
Borgartún 3, 105 Reykjavík, sími: 563-2340, Myndsendir: 562-3219
www.borgarskipulag.is, Netfang: borgarskipulag.is